

Verður fiskur “kúl” í framtíðinni?

(Úr Rannísblaðinu, 20. október 2005)

Ungt fólk í dag er að sjálfsögðu neytendur framtíðarinnar og heilsa þeirra, neysluvenjur og smekkur verður því mótandi fyrir eftirspurn á flestum sviðum innan fárra ára. Ungt fólk á Íslandi er ekki frábrugðið jafnöldrum sínum erlendis og því geta niðurstöður úr rannsóknum á ungum Íslendingum nýst við markaðsetningu á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum.

Rannsóknir sýna að fiskneysla hefur minnkað talsvert á undanförmum árum og að yngra fólk borðar fisk sjaldnar en þeir sem eldri eru. Ýmsir hafa látið í ljós áhyggjur vegna þessarar þróunar, þar sem fiskur er almennt talin heilnæm fæða og auk þess getur þetta haft veruleg áhrif á sölu fiskafurða í framtíðinni. Því er talið mikilvægt að þessari þróun verði snúið við og á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Rf) er nú í gangi verkefni sem ætlað er að kanna fiskneyslu ungs fólks, með það að markmiði að finna leiðir til að auka hana. Verkefnið er samstarfsverkefni Rf, Félagsvísindastofnunar, Rannsóknastofnu í næringarfræði og fyrirtækisins SH_þjónustu

Að sögn Emilíu Martinsdóttur, sem stýrir verkefninu á Rf, verða m.a. gerðar viðhorfs-, neyslu- og neytendakannanir, íhlotandi aðgerðir og kynningarátak og leiðbeiningar til almennings.

Þegar hefur farið fram umræða um fiskneyslu í rýnihópum ungs fólks á aldrinum 18-25. Niðurstöður rýnihópanna verða nýttar til að semja viðhorfskönnun sem send verður út með gildisprófuðum neyslukönnunum. Neytendakönnun verður gerð á völdum fiskréttum þar sem hópur ungs fólks verður fenginn til að smakka fiskrétti sem valdir verða í samráði við samstarfsfyrirtæki verkefnisins og með tilliti til niðurstaðna úr viðhorfskönnunum.



Emilía Martinsdóttir

Áhrif íhlotandi aðgerða, s.s. með fræðslu og fjölgun fiskréttanna í fæði ungs fólks verða m.a. skoðuð með það fyrir augum að meta leiðir til að auka fiskneyslu. Að áttakinu loknu verður neysla og viðhorf til aðgerðanna könnuð. Niðurstöður verða síðan kynntar hagsmunaaðilum, sem eru t.a.m. fisksalar, stórmarkaðir, fyrirtæki í vöruþróun og almenningur.

Niðurstöður munu væntanlega nýtast til að aðlaga framboð fiskafurða að þörfum og kröfum neytenda á næstu árum og styðja markaðsetningu á sjávarafurðum, bæði innanlands og utan. Mikilvægt er að framkvæmdin sé gerð í samvinnu við sjávarútveg og söluaðila. Aukið verðmæti sjávarafurða felst í nýjum afurðum og stækkun markaða og tilgangurinn er heilsuefling og bætt ímynd sjávarafurða.

Nánari upplýsingar veitir Emilía Martinsdóttir:

Sími: 530 8646

Netfang: emilia@rf.is